



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 19. ágúst 2020  
SFS2020080079  
0.11.4  
Hg/ag

Ráðhús Reykjavíkur  
Borgarráð

***Efni: Samningur við samtökin Móðurmál***


Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 18. ágúst 2020 var lagður fram samstarfssamningur skóla- og frístundasviðs og samtakanna Móðurmáls ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 10. ágúst 2020.

Samningurinn var samþykktur og vísað til borgarráðs.  
Erindinu er hér með vísað til borgarráðs.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Samtökin Móðurmál halda uppi afar mikilvægu starfi við móðurmálskennslu barna með annað móðurmál en íslensku. Samtökin hafa um árabil boðið upp á kennslu um helgar í sjálfboðastarfi og hefur Reykjavíkurborg útvegað húsnæði til kennslunnar og styrkt uppbyggingu bókasafns samtakanna samkvæmt samningi þar um. Slíkur samningur er nú endurnýjaður og er vilji til þess að styrkja enn frekar samstarfið á komandi árum.

Virðingarfyllst



Helgi Grímsson  
sviðsstjóri skóla og frístundasviðs

Hjálagt:  
Samningur  
Minnisblað sviðsstjóra, dags. 10. ágúst 2020



Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, kt.530269-7609, annars vegar og samtökin Móðurmál, kt. 421101-2990, hins vegar, gera með sér svohljóðandi

### **Samstarfssamning**

1. gr.

#### **Markmið**

Í lögum nr. 91/2008, um grunnskóla og lögum nr. 19/2013, um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins er kveðið á um mikilvægi þess að viðurkenna kunnáttu barna í móðurmáli sínu og veita þeim tækifæri til að viðhalda því. Í aðalnámskrá grunnskóla (2011) segir: „Mikilvægt er að bjóða nemendum kennslu í eigin máli þar sem þeir eiga þess kost að læra um mál, bókmenntir og menningu og fá þjálfun í málnotkun.“ Lykillinn að því að börn þrói með sér virkt tvítýngi, þ.e. sterkt móðurmál um leið og þau læra íslensku sem annað tungumál, er falinn í góðu samstarfi foreldra og kennara um þróun máls og læsis. Markmið þessa samnings er að styðja við móðurmál tvítýngdra barna og auka möguleikann á því að börn þrói með sér virkt tvítýngi.

2. gr.

#### **Styrkur skóla- og frístundasviðs og framlag Móðurmáls.**

Móðurmál fær afnotarétt af hluta húsnæðis skóla- og frístundasviðs í Fellaskóla og Hólabrekkuskóla til kennslu tvítýngdra barna á laugardögum skólaárið 2020-2021, 2021-2022 og 2022-2023. Notkun lýkur við skólaslit að vori og hefst að nýju að hausti við upphaf skóla. Notkun húsnæðisins verður ákveðin í samráði Móðurmáls við stjórnendur á hverjum stað.

Nýting húsnæðis skóla- og frístundasviðs verður Móðurmáli að kostnaðarlausu en metin innri leiga sem samtökunum er veitt í styrk vegna þessa er kr. 1.000.000,- á ári. Jafnframt er greiddur kostnaður vegna húsvörslu og þrifa í skólanum kr. 1.250.000,- til hvors skóla á ári. Mótframlag samtakanna er í formi fræðslu til foreldra og kennara í leik- og grunnskólum og til frístundaráðgjafa um mikilvægi móðurmáls í námi barna.

Í samstarfi móðurmáls og fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs verður gerð áætlun um fræðslu til foreldra, leik- og grunnskólakennara og frístundaráðgjafa í Reykjavík um mikilvægi móðurmáls.

3. gr.

#### **Upplýsingar um stöðu verkefna**

Í lok hvers skólaárs skilar Móðurmál skóla- og frístundasviði greinargerð um framkvæmd áætlunar um fræðslu til foreldra, leik- og grunnskólakennara og frístundaráðgjafa í Reykjavík um mikilvægi móðurmáls.

4. gr.

#### **Notkun húsnæðis og ábyrgð á tjóni**

Móðurmál ábyrgist að öll umgengni í húsnæði skóla- og frístundasviðs verði til fyrirmyndar. Tryggt verði að nemendur Móðurmáls verði ávallt undir eftirliti kennara eða annarra forsvarsmanna samtakanna á meðan þeir dvelja í húsnæði skóla- og frístundasviðs.

Verði tjón á eigum starfsstaða, sbr. 2. gr. s.s. á tækjum, húsbúnaði og bókum eða hlutum í eigu annarra sem eru í vörslu þessara starfsstaða skal Móðurmál bæta tjónið.

Tekin verður ákvörðun um opnun og lokun húsnæðis fyrir starfsemi Móðurmáls í samráði við stjórnendur á hverjum starfsstað, sbr. 2. gr.

5. gr.

#### Vanefndir

Skóla- og frístundasvið áskilur sér rétt til að rifta samningnum, afturkalla styrkloforð og/eða krefjast endurgreiðslu ef sannarlega er um forsendubrest eða vanefndir að ræða af hálfu samningsaðila.

Rísi ágreiningur um efni og/eða túlkun samnings þessa skal reka ágreiningsmál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.

6. gr.

#### Gildistími, reglur og vanefndir

Um samninginn gilda reglur Reykjavíkurborgar um styrki, samþykktar í borgarráði 9. september 2004, sbr. breytingar samþykktar í borgarráði 3. júní 2010. Geta skal þess í kynningarefni að verkefnið njóti styrks frá Reykjavíkurborg.

Samningurinn gildir til þriggja ára vegna skólaáranna 2020-2021, 2021-2022 og 2022-2023 og lýkur þann 1. júní 2023. Gerður er fyrirvari af hálfu Reykjavíkurborgar um að fjárveitingar skóla- og frístundasviðs eru gerðar með fyrirvara um fjárheimildir skv. fjárhagsáætlun á hverju ári eftir fyrsta ár samningsins. Samningurinn er uppsegjanlegur af hálfu beggja samningsaðila hvenær sem er á samningstímabilinu með 1 mánaða fyrirvara miðað við næstu mánaðamót eftir uppsögn. Uppsögn skal vera skrifleg.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum, sitt handa hvorum samningsaðila.

Reykjavík 22.maí 2020

DAGBJÖRT ASBJÖRN

f.h. skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur

borgar

Vottar að rétttri dagsetningu, undirritunum

og yfirlýsingu aðila um fjárræði sitt.

Anna Párr  
NÚ: 170169 2209

f.h. Móðurmál

Uggveig 230372-3739

Rende C. Pál 970978-2539



## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### *Efni: Endurnýjun á samningi við Móðurmál – samtök um tvítýngi*

Skóla- og frístundasvið hefur frá árinu 2014 gert samstarfssamning við Móðurmál – samtök um tvítýngi. Samningurinn kveður á um að Móðurmál fái afnotarétt af hluta húsnæðis skóla- og frístundasviðs í Fellaskóla og Hólabrekkuskóla til kennslu tvítýngdra barna á laugardögum. Notkun lýkur við skólaslit að vori og hefst að nýju að haust við upphaf skóla. Notkun húsnæðisins verður ákveðin í samráði Móðurmáls við stjórnendur á hverjum stað. Mótframlag samtakanna er í formi fræðslu til foreldra og kennara í leik- og grunnskólum og til frístundaráðgjafa um mikilvægi móðurmáls í námi barna.

Starfsveturinn 2019 – 2020 hefur Móðurmál staðið fyrir margvíslegri fræðslu fyrir og í samstarfi við skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. Helst má nefna fræðslu um Virkt tvítýngi fyrir kennara og starfsfólk í leikskóla, grunnskóla og á frístundasviði, fræðsla til ýmissa starfsstaða um mikilvægi móðurmáls, boð um þátttöku á árlegum ráðstefnum samtakanna með erlendum fyrirlesurum, fræðslu á sumarsmiðjum kennara, og þátttaka á fjölmeningarþingi Reykjavíkurborgar. Verkefnið „Allir með“ sem Samfok stóð að í samstarfi við Móðurmál og Reykjavíkurborg fór fram á tíu tungumálum en niðurstöður voru kynntar fyrir skóla- og frístundaráði haustið 2019. Samtökin Móðurmál hafa verið í samstarfi við skóla- og frístundasvið um að koma á viðurkenningu á móðurmálskennslu og er það verkefni nú á lokastigi. Tvítýngd bók Móðurmáls var unnin starfsveturinn 2018 – 2019 og var gefin skólástjórnendum að vori 2020. Skóla- og frístundasvið hefur að auki styrkt skólabókasafn Móðurmálssamtakana.

Móðurmál - samtök um virkt tvítýngi bjóða uppá móðurmálskennslu á yfir tuttugu tungumálum en pólskumælandi hópurinn er þar stærstur með tæplega 400 nemendur. Samtökin eru með um 80 kennara og sjálfboðaliða sem halda utan um kennsluna. Framlag skóla- og frístundasviðs í formi húsnæðis hefur gert samtökunum kleift að halda úti þessari starfsemi.

Samkvæmt samningnum er framlag skóla- og frístundasviðs í formi styrksins metið sem innri leiga að fjárhæð kr. 1.000.000,- á ári, en jafnframt er greiddur kostnaður vegna húsvörslu og þrifa til Fellaskóla og Hólabrekkuskóla að fjárhæð kr. 1.250.000 á ári.

Gert er ráð fyrir framangreindum kostnaði í fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs.

